

Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011

Catch, value and processing of catch 2011

Samantekt

Árið 2011 var afli íslenskra skipa tæp 1.149 þúsund tonn, 85 þúsund tonnum meiri en árið 2010. Aflaverðmæti nam tæpum 154 milljörðum króna og jókst um 15,7% frá fyrra ári, eða um 3,2% ef mælt er á föstu verði. Stærsti hluti afla íslenskra fiskiskipa var unninn á Austurlandi, mest uppsjávarafli sem landað var þar. Stærsti hluti botnfiskaflans var unninn á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum eða 46%. Af þorskaflanum fór mest í landfrystingu og makrílaflinn fór að lang stærstum hluta annað hvort í landfrystingu eða var sjófrystur. Verðmæti aukaafurða sem féllu til við vinnslu fiskaflans nam 3,7 milljörðum króna á árinu 2011 og jókst um 15,8% frá árinu áður. Verðmæti aukaafurða telst ekki með inni í heildaraflaverðmæti.

Töflurnar í þessu hefti byggjast á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum, umfjöllun um afla og aflaverðmæti er byggð á vigtar- skýrslum og verkun aflans á ráðstöfunarskýrslum.


Heildarafli íslenskra skipa

Fiskaflinn var tæp 1.149 þúsund tonn og jókst um 8% milli ára

Heildarafli íslenskra skipa árið 2011 nam tæpum 1.149 þúsund tonnum og var 8% eða 85 þúsund tonnum meiri en árið 2010, en þá var hann rúm 1.063 þúsund tonn. Afli uppsjávarfisks jókst um 18,3% á milli ára, þar af var aukning í síldarafla um rúm 9 þúsund tonn, loðnafla um 215 þúsund tonn og einnig var aukning í afla makríls um tæp 37 þúsund tonn. Samdráttur varð í afla norsk-íslensku síldarinnar um rúmlega 61 þúsund tonn milli ára, í kolmunnaafli um tæp 82 þúsund tonn og í afla gulldeplu um tæp 9 þúsund tonn. Skel- og krabbadýraafli var svipaður og árið áður, um 11 þúsund tonn. Veði á humri dróst saman um 11,8% milli ára en veiði á rækju jókst um 9%. Samdráttur var í heildarafla botnfisktegunda um tæp 26 þúsund tonn, eða um 6% frá fyrra ári. Ýsuaflí dróst saman í magni um 21%, ufsaafli um 20,6% og afli úthafskarfa um 18,4% milli ára. Um 2% aukning var í þorskafla frá árinu 2010 og karfaafli jókst um 0,8%. Flatfiskaflí dróst saman um 3,7% milli ára og munar þar mestu um aflasamdrátt í skarkola. Uppsjávarafli nam um 61,3% af heildaraflanum, botnfiskaflí 35,2%, flatfiskaflí 2% og afli skel- og krabbadýra tæpu 1%.



Mynd 1. Heildarafli íslenskra fiskiskipa 1991–2011
Figure 1. Total catch of Icelandic vessels 1991–2011




Aflaverðmæti

Aflaverðmæti tæpir 154 milljarðar


Aflaverðmæti ársins 2011 voru tæpir 154 milljarðar króna á verðlagi þess árs og hækkaði um tæpan 21 milljarð króna eða 15,7% frá 2010. Aflaverðmæti ársins 2011 á föstu verðlagi miðað við verðvísitölu sjávarafurða var 3,2% hærra en aflaverðmæti ársins 2010.

Vægi botnfisktegunda og uppsjávarfisktegunda í aflaverðmæti er annað en þegar miðað er við magn afla eingöngu. Hluttur uppsjávartegunda er um 61% af aflamagninu, en rúm 28% af verðmæti landaðs afla. Verðmæti botnfisktegundanna er hins vegar rúm 62% af heildinni þó að magni til séu þær aðeins 35,2%. Bæði skel- og krabbadýr svo og flatfiskur vega einnig meira í aflaverðmæti en magnhlutfallið eitt segir til um.

Mynd 2. Verðmæti heildarafa 2006–2011 á verðlagi ársins 2011
Figure 2. Value of total catch 2006–2011 at 2011 prices



Mynd 3. Hlutfall afla og aflaverðmætis 2011
 Figure 3. Proportion of catch and catch value 2011



Tafla 1. Breyting á helstu tegundum í magni og meðalverði
 Table 1. Changes in volume and average price of major species

	Tonn	Tonnes	Mism., tonn Diff., tonnes	Mism., %	Meðalv. Aver. price	Meðalv. Aver. price	Mism., %
	2010	2011		Diff., %			Diff., %
Heildarafli Total catch	1.063.467	1.148.867	85.399	8,0	125,04	133,93	7,1
Botnfiskur Demersal catch	430.366	404.413	-25.954	-6,0	217,44	237,03	9,0
Þorskur Cod	178.516	182.035	3.518	2,0	249,73	254,83	2,0
Ýsa Haddock	64.948	51.299	-13.649	-21,0	234,58	233,77	-0,3
Ufsi Saithe	53.894	50.487	-3.408	-6,3	157,35	181,03	15,0
Karfi Redfish	56.305	56.776	471	0,8	213,41	263,72	23,6
Úthafskarfí Oceanic redfish	14.794	12.066	-2.727	-18,4	246,67	333,81	35,3
Flatfiskafli Flatfish catch	24.198	23.311	-887	-3,7	378,91	442,06	16,7
Grálúða Greenland halibut	13.309	13.213	-96	-0,7	502,10	577,83	15,1
Skarkoli Plaice	5.983	4.943	-1.040	-17,4	194,54	216,10	11,1
Uppsjávarafli Pelagic catch	595.653	704.448	108.795	18,3	46,28	61,40	32,7
Sild Herring	66.579	75.818	9.238	13,9	43,84	74,29	69,4
Norsk-íslensk sild							
Atlantic-Scandian herring	187.894	126.686	-61.209	-32,6	42,47	69,72	64,1
Loðna Capelin	102.196	317.628	215.432	210,8	25,81	27,97	8,4
Loðnuhrogn Capelin roe	11.904	11.390	-514	-4,3	209,42	134,47	-35,8
Kolmunni Blue whiting	87.121	5.175	-81.946	-94,1	37,48	49,75	32,7
Makríll Atlantic mackerel	122.031	158.635	36.604	30,0	146,24	112,50	-23,1
Guldepla Pearlside	17.912	9.114	-8.799	-49,1	14,73	28,95	96,5
Skel- og krabbaafli Shellfish catch	10.627	11.340	713	6,7	237,59	262,60	10,5
Humar Lobster	2.541	2.240	-301	-11,8	400,84	443,66	10,7
Rækja Shrimp	7.742	8.438	695	9,0	191,32	225,37	17,8
Annar afli Miscellaneous	2.623	5.355	2.732	104,2	53,90	275,99	412,0

Tafla 2. Aflaverðmæti helstu tegunda og breyting á milli ára
Table 2. Catch value of major species and changes from previous year

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2010	2011	Mismunur <i>Difference</i>	Mism., % <i>Diff., %</i>
Heildarverðmæti <i>Total value</i>	132.979	153.870	20.891	15,7
Botnfiskur <i>Demersal catch</i>	93.579	95.858	2.279	2,4
Þorskur <i>Cod</i>	44.582	46.387	1.806	4,1
Ýsa <i>Haddock</i>	15.236	11.992	-3.244	-21,3
Ufsi <i>Saithe</i>	8.480	9.139	659	7,8
Karfi <i>Redfish</i>	12.016	14.973	2.957	24,6
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	3.649	4.028	379	10,4
Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i>	9.169	10.305	1.136	12,4
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	6.682	7.635	952	14,3
Skarkoli <i>Plaice</i>	1.164	1.068	-96	-8,2
Uppsjáravafli <i>Pelagic catch</i>	27.565	43.252	15.686	56,9
Sild <i>Herring</i>	2.919	5.632	2.713	93,0
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	7.981	8.833	852	10,7
Loðna <i>Capelin</i>	2.637	8.885	6.248	236,9
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	2.493	1.532	-961	-38,6
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	3.265	257	-3.008	-92,1
Makrill <i>Atlantic mackerel</i>	7.824	17.846	10.022	128,1
Gulldepla <i>Pearlside</i>	446	264	-182	-40,8
Skel- og krabbaafli <i>Shellfish catch</i>	2.525	2.978	453	17,9
Humar <i>Lobster</i>	1.018	994	-25	-2,4
Rækja <i>Shrimp</i>	1.481	1.902	420	28,4
Annar afli <i>Miscellaneous catch</i>	141	1.478	1.337	945,4

Þorskur

*Magn og verðmæti þorskaflans
jókst á milli ára*

Þorskaflinn var um 16% heildaraflans, eða rúm 182 þúsund tonn, sem er 2% aukning frá árinu 2010.

Þorskurinn er sem fyrr verðmætasta fisktegundin, en aflaverðmæti þorsks nam 46,4 milljörðum króna árið 2011 eða um 30,1% af heildaraflaverðmætinu. Aflaverðmæti þorsks jókst milli ára um 1,8 milljarða króna eða 4,1%. Meðalverð þorsks hækkaði um 2% milli ára sem þýðir raunverðslækkun um 6,3% miðað við verðvísitölu botnfisks. Tæplega 65% þorskaflans var seldur í beinum viðskiptum, þ.e. þegar útgerð selur milliliðalaust til vinnslustöðvar. Verð í slíkum viðskiptum hækkaði um 4,1% frá árinu 2010, en raunverðslækkunin nam 1,6%. Í sjófrystingu fór 17,7% þorskaflans og lækkaði verð þess afla um 0,1% (16% raunverðslækkun) milli ára. Verðhækkun varð milli ára á innlendum markaði eða 1,7% (3,9% raunverðslækkun), en þar voru 14,8% þorskaflans seld.


Tafla 3. Viðskipti með þorsk 2009–2011
Table 3. Cod trading 2009–2011

	2009	2010	2011
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	112.517	108.070	117.425
% af heildarþorskafli <i>% of total cod catch</i>	59,5	60,5	64,5
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	168	223	232
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-9,4	32,8	4,1
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	188	236	232
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-21,9	25,5	-1,6
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	33.310	35.540	32.206
% af heildarþorskafli <i>% of total cod catch</i>	17,6	19,9	17,7
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	233	277	277
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-6,7	19,1	-0,1
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	304	330	277
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-29,6	8,4	-16,0
Innlendir markaðir <i>Trading on domestic markets</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	28.934	27.255	26.930
% af heildarþorskafli <i>% of total cod catch</i>	15,3	15,3	14,8
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	232	305	310
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-5,4	31,4	1,7
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	259	322	310
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-18,5	24,2	-3,9

¹ Meðalverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2011. *Average price (ISK pr. kg) at 2011 prices.*


Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Mynd 4. Þorskafli 1991–2011
Figure 4. Cod catch 1991–2011




Mynd 5. Meðalverð þorsks eftir mánuðum 2011

Figure 5. Average price of cod by months in 2011



Mynd 6. Veidarfæraskipting þorskafla 1993–2011

Figure 6. Catch of cod by fishing gear 1993–2011



Ýsa

Samdráttur í bæði magni og verðmæti ýsuafans

Á árinu 2011 veiddust rúm 51 þúsund tonn af ýsu, sem er um 14 þúsund tonnum minna en árið 2010. Verðmæti ýsuafans nam 12 milljörðum sem er 21,3% samdráttur á milli ára. Meðalverð ýsu dróst saman um 0,3% frá árinu 2010 (raunverðslækkun 8,5%). Rúmlega 40% ýsuafans voru seld í beinum viðskiptum og jukust slík viðskipti hlutfallslega um 15% milli ára. Á innlenda markaði fór 33% af ýsuafnanum og tæp 10% í gámaviðskipti. Verð í beinum viðskiptum hækkaði milli ára um 4,2% (1,5% raunverðslækkun), var 195 kr./kg. Verð á innlenda markað hækkaði um 3,5% (2,2% raunverðslækkun), fór úr 255 kr./kg í 263 kr./kg, og verð í gámaviðskiptum lækkaði um 0,8% (5,1% raunverðslækkun) frá fyrra ári.

Tafla 4. Viðskipti með ýsu 2009–2011

Table 4. Haddock trading 2009–2011


	2009	2010	2011
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	22.322	22.804	20.658
% af heildarýsuafli <i>% of total haddock catch</i>	27,3	35,1	40,3
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	128	187	195
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	30,4	45,4	4,2
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	144	197	195
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	12,4	37,4	-1,5
Gámaviðskipti <i>Trading in containers</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	20.244	9.606	5.026
% af heildarýsuafli <i>% of total haddock catch</i>	24,7	14,8	9,8
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	231	275	273
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	28,8	19,0	-0,8
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	261	287	273
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	7,4	10,0	-5,1
Innlendir markaðir <i>Trading on domestic markets</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	23.842	21.373	16.998
% af heildarýsuafli <i>% of total haddock catch</i>	29,1	32,9	33,1
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	194	255	263
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	33,7	31,4	3,5
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	217	269	263
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	15,2	24,2	-2,2

¹ Meðalverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2011. *Average price (ISK pr. kg) at 2011 prices.*

Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Mynd 7. Ýsuafli 1991–2011

Figure 7. Haddock catch 1991–2011



Mynd 8. Meðalverð ýsu eftir mánuðum 2011

Figure 8. Average price of haddock by months in 2011



**Mynd 9. Veidarfæraskipting ýsafla 1993–2011**

Figure 9. Catch of haddock by fishing gear 1993–2011

**Ufsi**

Minna veitt af ufsa en verðmæti
eykst

Ufsaafliinn nam rúmum 50 þúsund tonnnum sem er samdráttur um rúm 3 þúsund tonn frá fyrra ári. Aflaverðmæti ufsa jókst um 7,8% frá fyrra ári og nam tæpum 9,1 milljarði króna. Meðalverð ufsa hækkaði um 15% (5,6% raunverðshækkun) og var verð á kíló 180 kr. Í beinum viðskiptum voru 43,6% aflans seld, sem er 1,8% hlutfallslækkun frá árinu áður, og hækkaði meðalverð þar um 11,3% (5,3% raunverðshækkun). Um 41,2% ufsaflans voru fryst um borð og þar hækkaði verð um 19,7% (0,6% raunverðshækkun). Töluvert minna af aflanum fór á innlenda markaði eða 13,3%. Meðalverð í þessum viðskiptum jókst um 8% (2,2% raunverðshækkun) milli ára.


Tafla 5. Viðskipti með ufsa 2009–2011
Table 5. Saithe trading 2009–2011

	2009	2010	2011
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	29.429	23.945	22.023
% af heildarufsafla <i>% of total saithe catch</i>	48,0	44,4	43,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	84	104	116
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	41,3	24,3	11,3
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	94	110	116
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	21,8	17,5	5,3
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	25.225	24.005	20.820
% af heildarufsafla <i>% of total saithe catch</i>	41,1	44,5	41,2
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	182	209	250
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	52,2	14,8	19,7
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	238	249	250
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	14,9	4,5	0,6
Innlendir markaðir <i>Trading on domestic markets</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	5.452	5.208	6.707
% af heildarufsafla <i>% of total saithe catch</i>	8,9	9,7	13,3
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	109	165	179
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	46,6	52,5	8,0
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	121	175	179
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	26,4	44,1	2,2

¹ Meðalverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2011. *Average price (ISK pr. kg) at 2011 prices.*


Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Mynd 10. Ufsaafli 1991–2011
Figure 10. Saithe catch 1991–2011



Mynd 11. Meðalverð ufsa eftir mánuðum 2011

Figure 11. Average price of saithe by months in 2011


**Karfi**

Karfaafli jókst um 0,8% og verðmætið um 24,6%

Karfaafllinn jókst um 0,8% frá árinu 2010 og var tæp 57 þúsund tonn yfir árið 2011. Aflaverðmæti var um 15 milljarðar sem er 24,6% aukning frá fyrra ári. Meðalverð var 264 kr./kg og hækkaði um 23,6% milli ára (13,5% raunhækkun). Stærsti hluti karfans var sjófrystur eða 57,6% og þar hækkaði verð um 27,4% (7,1% raunhækkun), fór í 287 kr./kg. Um 23% aflans voru seld í beinum viðskiptum og 11,5% karfaflans fóru í gáma. Verð í beinum viðskiptum hækkaði um 16,4% (10,1% raunhækkun) og verð í gámaviðskiptum hækkaði um rúm 25,4% (22% raunhækkun).

Mynd 12. Karfaafli 1991–2011

Figure 12. Redfish catch 1991–2011




Tafla 6. Viðskipti með karfa 2009–2011
Table 6. Redfish trading 2009–2011

	2009	2010	2011
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	13.646	12.968	13.077
% af heildarkarfaafla <i>% of total redfish catch</i>	23,6	23,0	23,0
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	101	155	180
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	56,0	53,7	16,4
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	113	164	180
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	34,5	45,3	10,1
Gámaviðskipti <i>Trading in containers</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	10.467	8.094	6.512
% af heildarkarfaafla <i>% of total redfish catch</i>	18,1	14,4	11,5
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	248	271	341
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	35,2	9,5	25,4
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	285	279	341
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-7,5	-2,0	22,0
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	30.189	31.579	32.708
% af heildarkarfaafla <i>% of total redfish catch</i>	52,2	56,1	57,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	180	225	287
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	23,3	25,2	27,4
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	235	268	287
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-6,9	13,9	7,1

¹ Meðalverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2011. *Average price (ISK pr. kg) at 2011 prices.*

Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Mynd 13. Meðalverð karfa eftir mánuðum 2011
Figure 13. Average price of redfish by months in 2011



Úthafskarfi

Úthafskarfaafli dróst saman á milli ára

Afli úthafskarfa dróst saman um 18,4% og nam rúmum 12 þúsund tonnum samanborið við 14,8 þúsund tonn árið 2010. Aflaverðmætið nam um 4 milljörðum sem er aukning um 10,4% frá fyrra ári. Allur úthafskarfi var frystur um borð.


Grálúða

Vægur samdráttur í grálúðafla

Grálúðaflinn var rúmlega 13 þúsund tonn árið 2011 sem er 0,7% samdráttur frá árinu 2010. Heildarverðmæti grálúðaflans nam rúmum 7,6 milljörðum sem er 14,3% aukning frá árinu áður. Grálúðan fór því sem næst öll í sjófrystingu líkt og undanfarin ár.

Mynd 14. Grálúðaafli 1991–2011

Figure 14. Greenland halibut catch 1991–2011




Rækja

Aukning í rækjuafli

Rækjuafli á árinu 2011 var rúm 8,4 þúsund tonn sem er 17,8% aukning frá fyrra ári þegar rækjuafli var 7,7 þúsund tonn. Aflaverðmæti rækju var um 1,9 milljarður króna samanborið við 1,5 milljarða árið 2010.

Mynd 15. Rækjuafli 1991–2011
 Figure 15. Shrimp catch 1991–2011



Síld

Aukning í afla og verðmæti síldar


Sú skipting síldaraflans sem notuð er hér er annars vegar síld og hins vegar norsk-íslensk síld. Tæplega 76 þúsund tonn veiddust af íslenskri sumargotssíld, sem er um 9 þúsund tonnum meiri afli en árið 2010. Aukning varð í aflaverðmæti um 93% sem nam árið 2011 rúmum 5,6 milljörðum króna.


Norsk-íslensk síld

Aflasamdráttur í norsk-íslenskrí síld milli ára

Afli norsk-íslensku síldarinnar dróst saman um 61 þúsund tonn, eða 32,6% frá árinu 2010 og var tæp 127 þúsund tonn. Aflaverðmætið nam tæpum 9 milljörðum króna sem er 10,7% aukning frá árinu 2010.

Mynd 16. Síldarafli 1991–2011
 Figure 16. Herring catch 1991–2011




Mynd 17. Veifarfaraskipting síldarafla 1993–2011¹*Figure 17. Catch of herring by fishing gear 1993–2011¹*

¹ Síld og norsk-íslensk síld. *Herring and Norwegian spring-spawning herring.*

Loðna*Mikil aukning í loðnuafli*

Loðnuaflinn var tæplega 318 þúsund tonn á árinu 2011 samanborið við rúm 102 þúsund tonn árið 2010. Magn landaðra loðnuhogna nam rúmlega 11 þúsund tonn-um en var tæp 12 þúsund tonn árið 2010. Aflaverðmæti loðnu var á árinu 2011 tæpir 8,9 milljarðar á móti 2,6 milljörðum króna árið 2010. Verðmæti loðnuhogna árið 2011 nam rúmum 1,5 milljörðum króna, samanborið við 2,5 milljarða árið áður.

Mynd 18. Loðnuafli (loðna og loðnuhog) 1991–2011*Figure 18. Capelin catch (capelin and capelin roe) 1991–2011*


Annar uppsjávarafli

Aukning í makrílafla en samdráttur í kolmunna

Makrílaflinn var um 159 tonn, sem er tæplega 37 þúsund tonna aukning frá árinu 2010. Af öðrum uppsjávarafla veiddust rúm 5 þúsund tonn af makríl sem er 82 þúsund tonnum minni afli en árið 2010, og 9 þúsund tonn af gulleplu. Sú fisktegund var fyrst veidd af íslensku skipi í desember 2008. Aukning varð í verðmæti makrílaflans um 128%, sem nam árið 2011 tæpum 18 milljörðum króna. Afleverðmæti kolmunna nam 257 milljónum króna á árinu 2011, sem er samdráttur um 92,1% frá 2010. Heildarverðmæti gullepluaflans nam 264 milljónum króna og dróst saman um 40,8% frá árinu 2010.

Mynd 19. Annar uppsjávarafli 1997–2011

Figure 19. Other pelagics 1997–2011



Afli eftir kvótaflokkum skipa

Skip með aflamark veiddu 50,9% heildaraflans

Skip með aflamark lönduðu tæplega 585 þúsund tonnum árið 2011 sem er 50,9% af heildarafla það árið. Það er 7% aflaukning frá árinu 2010. Botnfiskafla skipanna var tæplega 125 þúsund tonn eða 30,8% af aflu botnfisks, þar af var þorskafla þeirra rúm 64 þúsund tonn eða 35,3% heildarþorskaflans. Flatfiskaflinn nam 9,5 þúsund tonnum sem er 40,7% heildarflatfiskafla. Hlutdeild skipa með aflamark í uppsjávarafla var 62,6% en 62,8% skel- og krabbadýraaflans.

Togara veiddu ríflega helming botnfisksaflans

Skip í kvótaflokknum togarar veiddu 42,5% heildaraflans árið 2011 eða sem nam 443 þúsund tonnum sem er um 0,5% aukning frá 2010. Botnfiskafla þeirra var rúm 208 þúsund tonn sem er ríflega helmingur alls botnfiskafla og hlutur þorskafla var þar af 75 þúsund tonn sem er 41,3% heildarþorskaflans. Flatfiskafla togara var 13,4 þúsund tonn eða 57,3% flatfiskaflans, mestmegnis grálúða. Uppsjávarafli var rúm 263 þúsund tonn eða 37,3% af aflu uppsjávarfisks og 33,1% skel- og krabbadýraaflans.

Heildarafli smábáta 75 þúsund tonn

Kvótaflokkar smábáta voru þrenns konar á fiskveiðiarunum 2010/2011 og 2011/2012. Annars vegar eru smábátar með aflamark og hins vegar krókaafلامarksbátar, auk þess sem nýr flokkur um strandveiðar var í gildi bæði fiskveiðiarin, en sá afli telst ekki til aflamarks eða krókaafلامarks. Samanlagður afli báta í þessum flokkum var rúm 75 þúsund tonn eða 6,6% heildaraflans. Þar af voru rúmlega 71

þúsund tonn botnfisksafls og nam þorskafls þeirra tæpum 42,5 þúsund tonnum sem nemur 23,3% heildarþorskaflans.

Krókaaflamarksbátar með 31 þúsund tonn af þorski

Afli krókaaflamarksbáta nam rúmum 58 þúsund tonnum og var 53,9% þess afla þorskur eða rúmlega 31 þúsund tonn sem er 17,2% heildarafla þorsks. Ýsuafls þessara báta var rúm 13,6 þúsund tonn eða 26,6% ýsuaflans. Heildarafls smábáta með aflamark var rúm 8,6 þúsund tonn á árinu 2011 og strandveiða tæp 8,6 þúsund tonn.

Aflaverðmæti eftir tegund löndunar

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu um 41,8% af aflaverðmæti

Árið 2011 nam verðmæti þess afla sem seldur var í beinni sölu útgerðar til vinnslu-stöðva 64,4 milljörðum króna, sem er um 41,8% af heildaraflaverðmæti. Verðmæti sjófrystra afurða var tæp 62,5 milljarðar eða 40,6% af aflaverðmæti. Verðmæti fisks sem fluttur var óunninn út í gámum var 6,6 milljarðar. Aflaverðmæti fisks sem keyptur var á markaði til endurvinnslu innanlands var 19,4 milljarðar króna. Verðmæti afla sem landað var beint erlendis til bræðslu nam rúmum 145 milljónum króna.

Staðsetning löndunar – hvar var fiskinum landað?

Mestu landað á Austfjörðum en minnstu á Norðurlandi vestra

Af þeim 1.149 þúsund tonnum sem landað var af íslenskum skipum árið 2011 var mestu landað á Austurlandi eða tæpum 444 þúsund tonnum, en það er 38,6% heildaraflans. Næst mestu var landað á Suðurlandi, 203 þúsund tonnum eða 17,7% af heildarafla. Minnstum afla var landað á Norðurlandi vestra, 40 þúsund tonnum sem eru um 3,5% heildaraflans.

Þorskaflinn skiptist nokkuð jafnt á milli landsfjórðunga

Stærstum hluta botnfisks var landað á höfuðborgarsvæðinu, tæpum 100 þúsund tonnum, eða 24,6% botnfiskaflans. Þar var landað mest af karfa, tæplega 30 þúsund tonnum, af þorski rúmum 22 þúsund tonnum, ufsa tæpum 18 þúsund tonnum og af úthafskarfa tæpum 10 þúsund tonnum. Rúm 28 þúsund tonn af þorskafla fóru til Suðurnesja, 23 þúsund til Vesturlands annars vegar og hins vegar Vestfjarða, rúm 28 þúsund tonn til Norðurlands eystra, rúm 18 þúsund til Norðurland vestra, 25 þúsund tonn til Austurlands og tæp 15 þúsund til Suðurlands. Ýsuaflinn skiptist einnig tiltölulega jafnt milli landssvæða en þó var mest af honum landað á Vestfjörðum, tæpum 8 þúsund tonnum.

Mestu landað af flatfiski á höfuðborgarsvæðinu

Á höfuðborgarsvæðið barst einna mest af flatfiski á land á árinu 2011 eða tæp 7 þúsund tonn sem er 28,4% flatfiskaflans. Uppistaða aflans var að mestu grálúða, sem nam tæpum 6 þúsund tonnum.

Um 56,5% uppsjávarafllans landað á Austurlandi

Um 56,5% af heildarafla uppsjávarfisks var landað á Austurlandi og nam aflinn rúmum 398 þúsund tonnum. Tæplega 41% þess afla var loðna eða 162 þúsund tonn. Næst mestu var landað af uppsjávarfiski á Suðurlandi, 153 þúsund tonnum, þar af var loðna um 76 þúsund tonn, makrill 38 þúsund tonn og norsk-íslensk síld 15 þúsund tonn.

Mestu landað af rækju á Norðurlandi vestra og humri á Suðurlandi

Á Norðurlandi vestra var rúmum 3 þúsund tonnum af rækju landað á árinu 2011 sem eru 30,7% af heildarafla skel- og krabbadýra. Sem fyrr er humaraflinn mestur á Suðurlandi en þar var landað 1,5 þúsund tonnum sem er 66,6% humaraflans. Nær engum afla var landað af kúfiski á árinu 2011.

Staðsetning vinnslu – hvar var aflinn unninn?¹

<i>Austurland í fyrsta sæti í magni</i>	Samkvæmt ráðstöfunarskýrslum fiskverkenda var unnið úr mestu magni fisks á Austurlandi, rúmlega 358 þúsund tonnum sem er 31,1% heildaraflans. Því næst kemur Suðurland með 216 þúsund tonn eða 18,8% heildaraflans. Minnst var verkað af fiski á Vestfjörðum, rúmlega 34 þúsund tonn.
<i>Höfuðborgarsvæðið stærst í botnfiski en mest af þorski verkað á Suðurnesjum</i>	Botnfiskaflinn var að mestu unninn á höfuðborgarsvæðinu eða 108 þúsund tonn og eru það 26,7% botnfiskaflans en næst á eftir koma Suðurnes með tæplega 80 þúsund tonn. Stærstur hluti þorskaflans fór til vinnslu á Suðurnesjum, tæp 40 þúsund tonn eða 21,9% þess afla, en tæp 34 þúsund tonn fóru til Norðurlands eystra. Um 29,3% ýsuaflans voru unnin á höfuðborgarsvæðinu, eða rúm 15 þúsund tonn. Stærsti hluti ufsaaflans fór einnig til vinnslu á höfuðborgarsvæðinu, rúm 16 þúsund tonn eða 32,3% þess afla, og 46,9% karfaaflans voru einnig unnin þar eða tæp 27 þúsund tonn.
<i>Suðurnes og höfuðborgarsvæðið stærst í flatfiski</i>	Á Suðurnesjum var unnið úr mesta magni flatfisks, eða um 28,1% flatfiskaflans. Þar á eftir kemur höfuðborgarsvæðið með 24,2% sem gera tæp 5.700 tonn. Norðurland eystra tók á móti mestri grálúðu til vinnslu, um 4.300 tonnum sem eru 33% aflans og rúm 2.400 tonn af skarkola voru unnin á Suðurnesjum eða 49,1% þess afla.
<i>Austurland stærst í uppsjávartegundum</i>	Um 47,4% uppsjávaraflans var unninn á Austurlandi, þar var 50,6% loðnuafllans unninn eða 161 þúsund tonn og 38,6% af makríl.
<i>Mest unnið úr skel- og krabbadýraafla á Suðurlandi</i>	Á Norðurlandi vestra var unnið úr tæpum 3.500 tonnum af skelfiski og krabbadýrum sem er 30,6% þess afla. Var þar eingöngu um vinnslu á rækju að ræða. Mestur humar var tekin til vinnslu á Suðurlandi eða rúm 1.500 tonn (67,7%).
<i>Í heild var mest verkað í Vestmannaeyjum en mest af botnfiski í Reykjavík</i>	Reykjavík er sem fyrr stærsti verkunarstaður höfuðborgarsvæðisins en þar voru verkuð rúm 96 þúsund tonn og þar af var botnfiskur tæp 82 þúsund tonn. Á Suðurnesjum var mest unnið í Grindavík eða 68 þúsund tonn en þar af voru rúm 40 þúsund tonn botnfiskur. Akranes var umsvifamesti verkunarstaður Vesturlands en þar voru verkuð tæp 37 þúsund tonn. Uppsjávartegundir námu tæpum 33 þúsund tonnum en magn botnfisks var um 4 þúsund tonn. Á Vestfjörðum var unnið úr mestum afla í Ísafjarðarbæ eða sem nam tæpum 20 þúsund tonnum og var botnfiskur uppistaða aflans. Á Norðurlandi vestra var mest unnið á Sauðárkróki eða tæp 23 þúsund tonn. Af þeim afla voru rúm 17 þúsund tonn botnfiskur. Akureyri var stærsti verkunarstaðurinn á Norðurlandi eystra. Þar var unnið úr rúmum 83 þúsund tonnum og var uppsjávaraflinn 47 þúsund tonn og botnfiskaflinn um 31 þúsund. Á Austurlandi var mestur afli verkaður í Fjarðabyggð eða 160 þúsund tonn og var stærstur hluti þess afla uppsjávarfiskur eða 157 þúsund tonn. Á Suðurlandi var unnið úr mestum afla í Vestmannaeyjum, 197 þúsund tonn. Uppistaðan í þeim afla voru uppsjávartegundir sem námu 176 þúsund tonnum en botnfiskur nam rúmum 19 þúsund tonnum. Af þeim 23 þúsund tonnum sem voru verkuð erlendis voru rúm 21 þúsund verkuð í Bretlandi, að stærstum hluta botnfiskur.

¹ Þar með talinn afli vinnsluskipa sem gerð eru út frá svæðinu.

Verkun afla í heimahöfn skips

Um 65,7% botnfiskaflans verkuð í landi og af þeim hluta voru 52,4% verkuð í heimahöfn skips

Samkvæmt vigtarskýrslum ársins 2011 var 829 þúsund tonnum eða 72,2% af heildarafla ársins ráðstafað til verkunar innanlands. Af þeim afla voru tæp 488 þúsund tonn eða 58,8% verkuð í heimahöfn skips. Sé litið sérstaklega á botnfiskafla þá voru 266 þúsund tonn eða 65,7% verkuð af vinnslustöðvum innanlands en þar af voru 139 þúsund tonn (52,4%) verkuð í heimahöfn skips. Um 59,7% af þeim þorski sem unninn var innanlands var verkaður í heimahöfn skips en 34,4% ýsuaflans.

Tegund vinnslu

Meira af aflanum frystur í landi en um borð

Um 30,8% þess afla sem íslensk skip lönduðu árið 2011 var ráðstafað til bræðslu eða 354 þúsund tonnum. Í landfrystingu fóru 339 þúsund eða 29,5% aflans og 25,6% voru fryst um borð eða 294 þúsund tonn. Af botnfiskaflanum voru 130 þúsund tonn fryst í landi sem eru 32,1% botnfisks og 29,5% voru fryst um borð eða tæp 120 þúsund tonn.

Af þorski var meira fryst í landi en sjófryst

Af þorskaflanum var mest fryst í landi, 69 þúsund tonn eða 37,8% aflans. Um 28,1% aflans fór í salt, sem gera rúm 51 þúsund tonn og 32 þúsund eða 17,6% voru sjófryst.

41% ýsuaflans var frystur í landi

Um 41% ýsuaflans var frystur í landi eða 21 þúsund tonn. Rúm 11 þúsund tonn voru ísuð í flug, sem gera um 21,7% ýsuaflans, en 16,4% aflans var sjófrystur eða rúm 8.400 tonn.


Meira en helmingur karfaaflans sjófrystur

Karfaaflinn var að stærstum hluta sjófrystur, rúm 32 þúsund tonn eða 56,9%. Í landfrystingu fóru rúm 9 þúsund tonn eða 16,4% aflans og rúm 9 þúsund tonn voru send utan í gámum sem gera 16,3%.

Aukaafurðir

51 þúsund tonn af aukaafurðum

Á árinu 2011 hirtu sjómenn og fiskverkendur aukaafurðir sem námu rúmlega 51 þúsund tonnum. Hafa ber í huga að hér er átt við þyngd afurðanna en ekki kíló af fiski upp úr sjó. Mest féll til af afskurði eða tæp 34 þúsund tonn, rúm 8 þúsund tonn af lifur voru hirt og tæp 2 þúsund tonn af hrognum. Meðal fleiri aukaafurða má nefna að hirt voru einnig tæp 6 þúsund tonn af hausum og unnin 850 tonn af mjöli á sjó. Stærsti hluti þessara afurða fellur til vegna bræðslu eða rúm 35 þúsund tonn, aðallega afskurður, tæp 31 þúsund tonn. Einnig bárust rúm 8 þúsund tonn af aukaafurðum á land af frystiskipum, aðallega fiskhausar, tæp 6 þúsund tonn og afskurður, tæp 2 þúsund tonn.

Mynd 20. Verðmæti aukaafurða 2000–2011*Figure 20. Value of by-products 2000–2011*

Verðmæti aukaafurða ríflega tvöfaldast frá árinu 2008

Verðmæti þeirra aukaafurða sem færð voru í land á árinu 2011 nam alls 3,7 milljörðum króna, sem er aukning um 15,8% frá árinu áður. Töluverð verðmætis- aukning hefur orðið á aukaafurðum á undanförunum árum og hefur hún ríflega tvöfaldast frá árinu 2008. Verðmætasta einstaka aukaafurðin voru grálúðuháusar sem námu alls tæpum 994 milljónum króna og þar næst komu þorskshrogn að verðmæti 520 milljónum króna. Í talnaefni á netinu undir „Ráðstöfun afla-Vinnsla“ er ný tafla sem sýnir afla og verðmæti aukaafurða eftir tegund aukaafurða og fisk- tegund. Verðmæti aukaafurða telst ekki með inni í heildaraflaverðmæti.

English summary

The total catch of Icelandic fishing vessels in 2011 was 1,149 thousand tonnes which is 85 thousand tonnes more than in 2010. The value of the catch amounted to 154 billion ISK and increased by 15.7% from previous year, 3.2% increase at constant prices. The largest part of the catch was processed in the eastern part of the country, mainly pelagic fish. The highest regional share of the demersal catch, almost quarter of the quantity, was processed in the capital area, mainly in Reykjavík. The main processing method for cod was freezing in land-based factories, and for Atlantic mackerel frozen at sea or freezing in land-based factories. Total value of by-products amounted to 3.7 billion in 2011. Value of by-products is not included in the total value of catch.

The data published in the tables are based on weight and processing reports, collected from fish buyers by the Icelandic Directorate of Fisheries.

Tafla 7. Afli og aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa 2011
Table 7. Catch and catch value of Icelandic vessels 2011

	Samtals <i>Total</i> Tonn <i>Tonnes</i>	Samtals <i>Total</i> Þús.kr. <i>Thous. ISK</i>
Heildarafli <i>Total catch</i>	1.148.867	153.869.993
Botnfiskafli <i>Demersal catch</i>	404.413	95.857.783
Porskur <i>Cod</i>	182.035	46.387.130
Ýsa <i>Haddock</i>	51.299	11.992.052
Ufsi <i>Saithe</i>	50.487	9.139.463
Karfi <i>Redfish</i>	56.776	14.972.974
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	12.066	4.027.868
Steinbítur <i>Catfish</i>	10.940	2.713.657
Hlýri <i>Spotted catfish</i>	1.645	475.667
Langa <i>Ling</i>	8.797	1.248.146
Blálanga <i>Blue ling</i>	5.876	760.372
Keila <i>Tusk</i>	5.846	630.772
Langhali <i>Grenadier</i>	61	6.175
Tindaskata <i>Starry ray</i>	1.329	34.869
Skötuselur <i>Monk</i>	3.208	1.589.168
Skata <i>Skate</i>	121	14.616
Lýsa <i>Whiting</i>	2.955	386.838
Gulllax <i>Silver smelt</i>	10.515	1.434.269
Háfur <i>Spiny dogfish</i>	52	12.402
Hákarl <i>Greenland shark</i>	16	181
Annar botnfiskur <i>Other demersal</i>	387	31.165
Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i>	23.311	10.304.838
Lúða <i>Halibut</i>	532	476.767
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	13.213	7.634.615
Skarkoli <i>Plaice</i>	4.943	1.068.157
Þykkvalúra <i>Lemon sole</i>	1.900	777.272
Langlúra <i>Witch</i>	1.324	227.531
Stórkjafra <i>Megrim</i>	321	38.733
Sandkoli <i>Dab</i>	902	67.189
Skráplúra <i>American plaice</i>	178	14.464
Annar flatfiskur <i>Other flatfish</i>	0	111
Uppsjávarafli <i>Pelagic catch</i>	704.448	43.251.507
Síld <i>Herring</i>	75.818	5.632.364
Norsk-íslensk síld <i>Norwegian spring-spawning herring</i>	126.686	8.832.640
Loðna <i>Capelin</i>	317.628	8.884.771
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	11.390	1.531.658
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	5.175	257.451
Makrill <i>Mackerel</i>	158.635	17.846.041
Annar uppsjávarfiskur <i>Other pelagics</i>	9.116	266.583
Skel- og krabbadýraafli <i>Shellfish catch</i>	11.340	2.977.983
Humar <i>Lobster</i>	2.240	993.798
Rækja <i>Shrimp</i>	8.438	1.901.577
Kúfiskur <i>Iceland cyprine</i>	6	57
Önnur skel- og krabbadýr <i>Other shellfish</i>	657	82.552
Annar afli <i>Miscellaneous catch</i>	5.355	1.477.881

Heimild *Source*: Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Tafla 8. Afli og verðmæti afla eftir kvótaflokkum skipa og heimahöfnum þeirra 2011
Table 8. Catch and catch value by quota class of fishing vessel and home port of vessel 2011

Afli í tonnum <i>Catch in tonnes</i>		Verðmæti í þús. kr. <i>Value in thous. ISK</i>					
		Smábátar með aflamark <i>Small boats with catch quota</i>	Króka- aflamarks- bátar <i>Hook and line boats with catch quota</i>	Strand- veiði <i>Costal- fisheries</i>	Skip utan flokka <i>Other</i>		
	Samtals <i>Total</i>	Togarar <i>Trawlers</i>	Skip með aflamark <i>Vessels with catch quota</i>				
Landið allt <i>Whole country</i>							
Fjöldi báta <i>Number of vessels</i>	1.792	62	170	188	601	708	63
Afli <i>Catch</i>	1.148.869	488.454	584.771	8.637	58.055	8.586	365
Verðmæti <i>Value</i>	153.872.392	78.133.487	55.269.332	2.769.378	15.347.181	2.257.579	95.435
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>							
Fjöldi báta <i>Number of vessels</i>	137	10	10	18	37	57	5
Afli <i>Catch</i>	112.583	72.390	36.705	409	2.428	512	139
Verðmæti <i>Value</i>	21.671.289	17.608.546	3.114.473	155.251	623.012	135.613	34.395
Suðurnes <i>Southwest</i>							
Fjöldi báta <i>Number of vessels</i>	197	7	28	17	76	68	1
Afli <i>Catch</i>	71.713	29.580	28.801	750	11.958	624	1
Verðmæti <i>Value</i>	16.328.951	7.370.193	5.595.272	246.029	2.953.644	163.193	620
Vesturland <i>West</i>							
Fjöldi báta <i>Number of vessels</i>	352	4	36	43	125	139	5
Afli <i>Catch</i>	140.319	22.655	102.436	4.009	9.866	1.351	3
Verðmæti <i>Value</i>	20.692.340	5.482.780	10.730.649	1.280.340	2.824.766	371.494	2.311
Vestfirðir <i>Westfjords</i>							
Fjöldi báta <i>Number of vessels</i>	408	4	29	24	133	168	50
Afli <i>Catch</i>	50.466	13.540	18.621	704	15.159	2.219	222
Verðmæti <i>Value</i>	12.048.568	3.369.808	3.811.756	214.433	3.980.877	613.921	57.773
Norðurland vestra <i>Northwest</i>							
Fjöldi báta <i>Number of vessels</i>	125	6	7	12	46	54	–
Afli <i>Catch</i>	30.337	24.246	1.810	207	3.417	658	–
Verðmæti <i>Value</i>	7.885.106	6.226.266	384.037	85.271	1.027.991	161.541	–
Norðurland eystra <i>Northeast</i>							
Fjöldi báta <i>Number of vessels</i>	244	13	13	34	88	95	1
Afli <i>Catch</i>	233.506	177.571	46.106	1.076	7.399	1.354	0
Verðmæti <i>Value</i>	30.678.494	21.280.993	6.851.815	358.370	1.871.594	315.386	336
Austurland <i>East</i>							
Fjöldi báta <i>Number of vessels</i>	256	5	18	37	82	113	1
Afli <i>Catch</i>	295.488	49.459	236.683	1.163	6.472	1.711	0
Verðmæti <i>Value</i>	21.561.804	4.950.487	14.090.920	336.696	1.725.917	457.784	0
Suðurland <i>South</i>							
Fjöldi báta <i>Number of vessels</i>	73	13	29	3	14	14	–
Afli <i>Catch</i>	214.457	99.013	113.610	319	1.357	158	–
Verðmæti <i>Value</i>	23.005.841	11.844.415	10.690.411	92.989	339.379	38.646	–

Heimild *Source*: Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Tafla 9. Afli og verðmæti afla eftir tegund löndunar og heimahöfn skipa 2011
 Table 9. *Catch and catch value by type of landing and home port of vessel 2011*

	Landið allt <i>Whole country</i>	Höfuðborgar- svæði <i>Capital region</i>
Heildarafli í tonnum <i>Total catch in tonnes</i>	1.148.867	112.583
Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	754.249	47.510
Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	19.971	833
Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>	2.932	–
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	296.015	59.661
Á markað, til vinnslu innanlands <i>To auction market, for domestic processing</i>	72.192	4.291
Á markað, í gáma til útflutnings <i>To auction market, for export in containers</i>	–	–
Sjófryst til endurvinnslu innanlands <i>Frozen at sea for domestic re-processing</i>	580	165
Selt úr skipi erlendis <i>Fresh fish sold from vessel abroad</i>	–	–
Fiskeldi <i>Farmed fish</i>	–	–
Aðrar löndurnartegundir <i>Other types of landings</i>	2.928	123
Heildarverðmæti, þús. kr. <i>Value, thousand ISK</i>	153.869.993	21.671.125
Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	64.351.178	4.353.486
Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	6.639.336	292.023
Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>	145.452	–
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	62.497.932	15.830.790
Á markað, til vinnslu innanlands <i>To auction market, for domestic processing</i>	19.351.706	1.117.124
Á markað, í gáma til útflutnings <i>To auction market, for export in containers</i>	–	–
Sjófryst til endurvinnslu innanlands <i>Frozen at sea for domestic re-processing</i>	191.945	52.166
Selt úr skipi erlendis <i>Fresh fish sold from vessel abroad</i>	–	–
Fiskeldi <i>Farmed fish</i>	–	–
Aðrar löndurnartegundir <i>Other types of landings</i>	692.444	25.536

Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Suðurnes <i>Southwest</i>	Vesturland <i>West</i>	Vestfirðir <i>Westfjords</i>	Norðurland vestra <i>Northwest</i>	Norðurland eystra <i>Northeast</i>	Austurland <i>East</i>	Suðurland <i>South</i>
71.713	140.318	50.466	30.337	233.505	295.488	214.457
41.096	102.845	32.372	10.005	119.627	254.715	146.080
126	1.754	68	109	1.115	2.352	13.614
–	–	–	–	1.786	–	1.146
23.308	14.923	5.470	16.666	103.437	29.527	43.022
6.486	20.015	11.799	3.274	7.292	8.793	10.242
–	–	–	–	–	–	–
124	–	90	189	9	3	–
–	–	–	–	–	–	–
–	–	–	–	–	–	–
574	781	666	94	239	98	353
16.328.951	20.690.439	12.048.568	7.885.106	30.678.158	21.561.805	23.005.841
8.149.118	9.788.349	6.935.508	2.191.108	9.458.662	13.982.679	9.492.266
44.783	723.561	39.501	49.325	289.581	881.835	4.318.726
–	–	–	–	89.315	–	56.137
6.308.233	4.137.233	1.681.434	4.697.682	18.970.000	4.383.448	6.489.111
1.646.245	5.836.305	3.214.454	864.043	1.813.601	2.293.444	2.566.490
–	–	–	–	–	–	–
50.284	–	25.502	62.526	1.148	320	–
–	–	–	–	–	–	–
–	–	–	–	–	–	–
130.288	204.991	152.168	20.422	55.850	20.078	83.111

Tafla 10. Afli eftir tegund löndunar og fisktegundum 2011
Table 10. Catch by type of landing and species 2011

Tonn <i>Tonnes</i>		Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>
	Samtals <i>Total</i>			
Heildarafli <i>Total catch</i>	1.148.867	754.249	19.971	2.932
Botnfiskafli <i>Demersal catch</i>	404.410	195.024	18.621	–
Þorskur <i>Cod</i>	182.034	117.425	3.353	–
Ýsa <i>Haddock</i>	51.299	20.679	5.026	–
Ufsi <i>Saithe</i>	50.487	22.023	859	–
Karfi <i>Redfish</i>	56.776	13.077	6.512	–
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	12.066	–	–	–
Steinbítur <i>Catfish</i>	10.940	4.463	886	–
Hlýri <i>Spotted catfish</i>	1.645	226	71	–
Langa <i>Ling</i>	8.797	5.673	285	–
Blálanga <i>Blue ling</i>	5.876	3.511	345	–
Keila <i>Tusk</i>	5.846	4.719	10	–
Langhali <i>Grenadier</i>	61	11	8	–
Tindaskata <i>Starry ray</i>	1.329	890	–	–
Skötuselur <i>Monk</i>	3.208	1.430	547	–
Skata <i>Skate</i>	121	24	14	–
Lýsa <i>Whiting</i>	2.955	496	666	–
Gulllax <i>Silver smelt</i>	10.515	218	1	–
Háfur <i>Spiny dogfish</i>	52	11	34	–
Hákarl <i>Greenland shark</i>	16	13	–	–
Annar botnfiskur <i>Other demersal</i>	387	135	4	–
Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i>	23.310	4.580	1.348	–
Lúða <i>Halibut</i>	532	234	85	–
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	13.212	315	164	–
Skarkoli <i>Plaice</i>	4.943	1.648	685	–
Þykkvalúra <i>Lemon sole</i>	1.899	849	330	–
Langlúra <i>Witch</i>	1.324	712	57	–
Stórkjafa <i>Megrim</i>	320	127	24	–
Sandkoli <i>Dab</i>	902	616	3	–
Skrápflúra <i>American plaice</i>	178	79	–	–
Annar flatfiskur <i>Other flatfish</i>	–	–	–	–
Uppsjávarafli <i>Pelagic catch</i>	704.448	539.877	–	2.932
Síld <i>Herring</i>	75.818	44.630	–	–
Norsk-íslensk síld <i>Norwegian spring-spawning herring</i>	126.686	82.024	–	–
Loðna <i>Capelin</i>	317.628	305.800	–	2.932
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	11.390	10.744	–	–
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	5.175	3.689	–	–
Annar uppsjávarfiskur <i>Other pelagics</i>	167.751	92.990	–	–
Skel- og krabbadýraafli <i>Shellfish catch</i>	11.340	9.474	–	–
Humar <i>Lobster</i>	2.240	2.240	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	8.437	6.571	–	–
Kúfiskur <i>Iceland cyprine</i>	6	6	–	–
Önnur skel- og krabbadýr <i>Other shellfish</i>	657	657	–	–
Annar afli <i>Miscellaneous catch</i>	5.355	5.293	–	–

Heimild *Source*: Vigtarskýrslur. *Weight reports*.

Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	Á markað, til vinnslu innan- lands <i>To auction market, for domestic processing</i>	Sjófryst til endur- vinnslu innan- lands <i>Frozen at sea for domestic re-processing</i>	Fiskeldi <i>Farmed fish</i>	Aðrar Löndurnar- tegundir <i>Other types of landings</i>
296.015	72.192	580	–	2.928
120.241	67.738	13	–	2.776
32.193	26.934	13	–	2.117
8.423	16.998	–	–	174
20.820	6.707	–	–	78
32.708	4.343	–	–	137
12.066	–	–	–	–
256	5.288	–	–	47
338	1.009	–	–	–
424	2.292	–	–	122
1.094	926	–	–	–
88	972	–	–	56
41	1	–	–	–
90	349	–	–	–
19	1.167	–	–	45
6	77	–	–	–
1.164	630	–	–	–
10.294	3	–	–	–
1	6	–	–	–
3	1	–	–	–
213	35	–	–	–
12.981	4.345	4	–	54
45	168	1	–	–
12.529	200	–	–	4
60	2.513	–	–	37
21	693	–	–	7
237	313	3	–	2
3	166	–	–	–
3	276	–	–	4
83	16	–	–	–
–	–	–	–	–
161.488	53	–	–	97
31.065	27	–	–	96
44.661	–	–	–	–
8.895	–	–	–	–
646	–	–	–	–
1.485	–	–	–	1
74.736	26	–	–	–
1.303	–	563	–	–
–	–	–	–	–
1.303	–	563	–	–
–	–	–	–	–
–	–	–	–	–
–	62	–	–	–

Tafla 11. Verðmæti afla eftir tegund löndunar og fisktegundum 2011

Table 11. Value of catch by type of landing and species 2011

Þúsundir króna <i>Thousand ISK</i>	Samtals <i>Total</i>	Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>
Heildarafli <i>Total catch</i>	153.869.993	64.351.178	6.639.336	145.452
Botnfiskafli <i>Demersal catch</i>	95.857.783	39.484.191	6.044.640	–
Þorskur <i>Cod</i>	46.387.130	27.254.157	1.330.408	–
Ýsa <i>Haddock</i>	11.992.052	4.022.061	1.369.770	–
Ufsi <i>Saithe</i>	9.139.463	2.550.022	166.089	–
Karfi <i>Redfish</i>	14.972.974	2.359.541	2.217.339	–
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	4.027.868	–	–	–
Steinbítur <i>Catfish</i>	2.713.657	942.282	312.630	–
Hlýri <i>Spotted catfish</i>	475.667	49.193	26.661	–
Langa <i>Ling</i>	1.248.146	677.948	57.659	–
Blálanga <i>Blue ling</i>	760.372	391.016	73.382	–
Keila <i>Tusk</i>	630.772	460.308	1.770	–
Langhali <i>Grenadier</i>	6.174	1.734	1.982	–
Tindaskata <i>Starry ray</i>	34.869	22.289	–	–
Skötuselur <i>Monk</i>	1.589.168	667.963	361.012	–
Skata <i>Skate</i>	14.616	1.465	3.939	–
Lýsa <i>Whiting</i>	386.838	56.729	110.279	–
Gulllax <i>Silver smelt</i>	1.434.269	19.104	12	–
Háfur <i>Spiny dogfish</i>	12.402	1.121	10.975	–
Hákarl <i>Greenland shark</i>	181	111	–	–
Annar botnfiskur <i>Other demersal</i>	31.165	7.147	733	–
Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i>	10.304.837	1.052.005	594.696	–
Lúða <i>Halibut</i>	476.767	188.309	99.850	–
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	7.634.615	133.895	84.368	–
Skarkoli <i>Plaice</i>	1.068.157	289.690	213.700	–
Þykkvalúra <i>Lemon sole</i>	777.272	269.221	182.997	–
Langlúra <i>Witch</i>	227.531	112.240	9.452	–
Stórkjafa <i>Megrim</i>	38.732	13.169	3.685	–
Sandkoli <i>Dab</i>	67.189	40.798	633	–
Skráplúra <i>American plaice</i>	14.464	4.666	–	–
Annar flatfiskur <i>Other flatfish</i>	110	17	11	–
Uppsjávarafli <i>Pelagic catch</i>	43.251.508	19.974.242	–	145.452
Síld <i>Herring</i>	5.632.364	1.908.992	–	–
Norsk-íslensk síld <i>Norwegian spring-spawning herring</i>	8.832.640	3.384.263	–	–
Loðna <i>Capelin</i>	8.884.771	8.185.112	–	145.452
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	1.531.658	1.326.609	–	–
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	257.451	90.629	–	–
Annar uppsjávarfiskur <i>Other pelagics</i>	18.112.624	5.078.637	–	–
Skel- og krabbadýraafli <i>Shellfish catch</i>	2.977.983	2.373.468	–	–
Humar <i>Lobster</i>	993.798	993.657	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	1.901.576	1.297.219	–	–
Kúfiskur <i>Iceland cyprine</i>	57	57	–	–
Önnur skel- og krabbadýr <i>Other shellfish</i>	82.552	82.535	–	–
Annar afli <i>Miscellaneous catch</i>	1.477.881	1.467.273	–	–

Heimild Source: Vigtarskýrslur. Weight reports.

Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	Á markað, til vinnslu innan- lands To auction <i>market, for domestic processing</i>	Sjófryst til endur- vinnslu innan- lands Frozen <i>at ea for domestic re-processing</i>	Fiskeldi <i>Farmed fish</i>	Aðrar löndurnar- tegundir <i>Other types of landings</i>
62.497.932	19.351.706	191.945	–	692.444
31.526.660	18.122.249	1.818	–	678.228
8.915.627	8.339.535	1.763	–	545.639
2.085.105	4.478.830	38	–	36.248
5.212.098	1.198.782	–	–	12.473
9.377.701	989.445	–	–	28.948
4.027.868	–	–	–	–
44.546	1.406.562	–	–	7.638
64.798	334.941	–	–	73
54.859	435.490	17	–	22.174
150.446	145.486	–	–	41
11.862	148.615	–	–	8.217
2.455	4	–	–	–
3.921	8.658	–	–	1
3.369	540.052	–	–	16.773
186	9.027	–	–	–
136.051	83.776	–	–	3
1.415.128	25	–	–	–
8	297	–	–	–
63	7	–	–	–
20.569	2.717	–	–	–
7.429.788	1.214.892	719	–	12.739
31.186	157.007	399	–	17
7.332.144	82.631	–	–	1.577
7.159	550.569	–	–	7.039
4.979	316.570	–	–	3.506
44.631	60.509	320	–	378
133	21.745	–	–	–
246	25.290	–	–	222
9.308	490	–	–	–
2	81	–	–	–
23.126.536	3.801	–	–	1.475
3.721.686	215	–	–	1.471
5.448.376	–	–	–	–
554.206	–	–	–	–
205.049	–	–	–	–
166.817	–	–	–	4
13.030.402	3.586	–	–	–
414.949	158	189.409	–	–
–	141	–	–	–
414.949	–	189.409	–	–
–	–	–	–	–
–	17	–	–	–
–	10.605	–	–	3

Tafla 12. Afli eftir veiðarfærum og fisktegundum 2011

Table 12. Catch by type of fishing gear and species 2011

Tonn Tonnes		Lína <i>Bottom longline</i>	Net <i>Bottom gillnet</i>	Handfæri <i>Handline</i>	Dragnót <i>Danish seine</i>
	Samtals <i>Total</i>				
Heildarafli <i>Total catch</i>	1.148.867	104.758	23.188	16.805	26.058
Botnfiskafli <i>Demersal catch</i>	404.410	104.101	22.521	16.445	20.122
Porskur <i>Cod</i>	182.034	57.285	16.250	12.382	9.192
Ýsa <i>Haddock</i>	51.299	21.067	380	144	6.910
Ufsi <i>Saithe</i>	50.487	748	3.465	3.678	1.441
Karfi <i>Redfish</i>	56.776	1.111	147	164	373
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	12.066	–	–	–	–
Steinbítur <i>Catfish</i>	10.940	5.929	34	32	1.132
Hlýri <i>Spotted catfish</i>	1.645	924	6	1	2
Langa <i>Ling</i>	8.797	5.583	239	21	326
Blálanga <i>Blue ling</i>	5.876	4.119	70	–	56
Keila <i>Tusk</i>	5.846	5.736	26	10	1
Langhali <i>Grenadier</i>	61	3	–	–	–
Tindaskata <i>Starry ray</i>	1.329	1.049	6	1	136
Skötuselur <i>Monk</i>	3.208	45	1.856	4	409
Skata <i>Skate</i>	121	41	4	–	33
Lýsa <i>Whiting</i>	2.955	343	16	8	108
Gulllax <i>Silver smelt</i>	10.515	–	–	–	–
Háfur <i>Spiny dogfish</i>	52	27	21	–	2
Hákarl <i>Greenland shark</i>	16	1	–	–	–
Annar botnfiskur <i>Other demersal</i>	387	90	1	–	1
Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i>	23.310	650	569	5	5.923
Lúða <i>Halibut</i>	532	405	8	2	24
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	13.212	91	500	–	–
Skarkoli <i>Plaice</i>	4.943	144	53	2	3.020
Þykkvalúra <i>Lemon sole</i>	1.899	–	2	1	1.164
Langlúra <i>Witch</i>	1.324	–	1	–	620
Stórkjafta <i>Megrim</i>	320	–	–	–	89
Sandkoli <i>Dab</i>	902	5	4	–	866
Skrápflúra <i>American plaice</i>	178	5	1	–	140
Uppsjávarafli <i>Pelagic catch</i>	704.448	5	74	312	10
Síld <i>Herring</i>	75.818	5	69	–	7
Norsk-islensk síld <i>Norwegian spring-spawning herring</i>	126.686	–	–	–	–
Loðna <i>Capelin</i>	317.628	–	–	–	–
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	11.390	–	–	–	–
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	5.175	–	–	–	–
Annar uppsjávarfiskur <i>Other pelagics</i>	167.751	–	5	312	3
Skel- og krabbadýraafli <i>Shellfish catch</i>	11.340	–	–	–	–
Humar <i>Lobster</i>	2.240	–	–	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	8.437	–	–	–	–
Kúfiskur <i>Iceland cyprine</i>	6	–	–	–	–
Önnur skel- og krabbadýr <i>Other shellfish</i>	657	–	–	–	–
Annar afli <i>Miscellaneous catch</i>	5.355	2	24	43	2

Heimild Source: Vigtarskýrslur. Weight reports.

Botnvarpa <i>Bottom trawl</i>	Flotvarpa <i>Pelagic trawl</i>	Humar- varpa <i>Nephrops trawl</i>	Nót <i>Purse seine</i>	Rækju- varpa <i>Shrimp trawl</i>	Hörpudisk- plógur <i>Shellfish dredge</i>	Önnur veiðarfæri <i>Other</i>
237.060	425.906	7.980	289.906	9.966	2.661	4.579
222.299	12.281	4.831	18	530	–	1.260
84.239	32	1.316	18	458	–	864
22.610	2	123	–	25	–	37
40.569	91	460	–	3	–	30
53.821	19	1.043	–	7	–	92
–	12.066	–	–	–	–	–
3.657	–	47	–	–	–	108
688	–	1	–	21	–	3
1.682	–	944	–	–	–	2
1.399	–	231	–	–	–	–
69	–	3	–	–	–	1
58	–	–	–	–	–	–
122	–	–	–	13	–	1
298	–	475	–	–	–	120
29	–	14	–	–	–	–
2.305	–	174	–	–	–	–
10.515	–	–	–	–	–	–
2	–	–	–	–	–	–
13	–	–	–	2	–	1
223	71	–	–	1	–	1
14.191	–	906	–	998	–	67
82	–	10	–	–	–	2
11.633	–	–	–	988	–	–
1.658	–	1	–	–	–	65
611	–	121	–	–	–	–
99	–	603	–	–	–	–
62	–	169	–	–	–	–
26	–	–	–	–	–	–
20	–	2	–	10	–	–
563	413.595	–	289.888	–	–	–
52	31.622	–	44.062	–	–	–
49	126.637	–	–	–	–	–
–	83.192	–	234.436	–	–	–
–	–	–	11.390	–	–	–
37	5.138	–	–	–	–	–
